


1407018



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Lára K. Traustadóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2014
Tilvísun: 201411034 / 3.4

Efni: Arnarhreiðrið í landi Haukadals, Rangárþing ytra. Umsögn um beiðni um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur, með erindi dags. 21. nóvember 2014, óskað umsagnar um beiðni um undanþágu frá gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/ 2013 um fjarlægð bygginga frá vötnum, ám eða sjó, vegna staðsetningu byggingarreita fyrir frístundahús, íbúðarhús og skemmu á lóðinni Arnarhreiðrið, lnr. 210911 í landi Haukadals.

Í gildandi skipulagsreglugerð segir: *Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m. Fram kemur í erindi Rangárþings ytra að óskað sé eftir því að staðsetja byggingar í 25m fjarlægð frá Ytri Rangá.*

Á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu, dags. 10. júlí 2014, eru lóðamörk frístundahúsanna í 25m fjarlægð frá bökkum Ytri Rangár, en byggingarreitir eru í 50m fjarlægð, þannig að ekki er þörf á að sækja um undanþágu fyrir staðsetningu þeirra. Þarna virðist því um misskilning vera að ræða. Byggingarreitur fyrir íbúðarhús og skemmu er hinsvegar í 40m fjarlægð frá ánni, en þar sem hann er rúmlega 11.000 m², telur stofnunin ekki ástæðu til að veita undanþágu fyrir staðsetningu hans, reitinn má auðveldlega minnka, eða færa fjær ánni sem nemur 10 m án þess að skerða byggingarmöguleika.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og mælir ekki með að veitt verði undanþága fyrir staðsetningu byggingarreits fyrir íbúðarhús og skemmu.

Málfríður K. Kristiansen

afrit:

Rangárþing ytra. /